

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2022. Efnaleifaáætlun byggir á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum, öðrum dýrallyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og drykkjarvatni og fódri búfjár.

Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn sjá um allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin í nær öllum sláturhúsum við slátrun. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum. Þvagsýni voru tekin á nautgripa- og svínabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Einnig voru tekin sýni úr drykkjarvatni og fódri nautgripa, svína og alifugla til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum. Sýni úr fiskeldi voru tekin við slátrun og á fiskeldisstöðvum úr kvíum/kerjum. Þá voru einnig tekin sýni úr hreindýrahjörtum.

Alls voru tekin 1.794 opinber sýni sem voru rannsökuð á viðurkenndum rannsóknastofum erlendis. Niðurstöður rannsókna eru skoðaðar og rýndar þegar þær berast. Niðurstöður ársins 2022 voru flestar undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem viðurkenndar rannsóknastofur nota eða undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Þó voru 4 sýni sem gáfu niðurstöður sem urðu til þess að farið var í eftirfylgni, gögn um sýnin rýnd og/eða ástæðu leitað. Sýni yfir hámarksgildum (MRL/ML):

- Efnid thiouracil greindist í einu sauðfjársýni yfir ráðlögðum styrk ($RC > 10 \mu\text{g/L}$) og var því framkvæmd eftirfyllgnirannsókn. Leifarnar í sýninu mátti rekja til fóðrunar á jurt af krossblómaætt, í þessu tilfelli repju.
- Efnin 17 β -nortestosterone og boldenon greindist í tveimur svínasýnum (1 galtargrís og 1 gyltugrís). Þekkt er að efnin greinist í þvagi galta (og gyltum í litlu magni) og var því áætlað að efnid væri af náttúrulegum uppruna í galtargrísnum og engin eftirfylgni framkvæmd. Farið var í eftirfylgni á búið sem gyltugrísinn kom frá og m.a. tekin eftirfyllgnisýni. Hvorki greindust efnin í eftirfyllgnisýnum né nokkur vísbending um misotkun á efnunum. Niðurstaða eftirfyllgnirannsóknar leiddi því í ljós að efnin hefðu verið af náttúrulegum uppruna í gyltugrísnum.
- Þungmálmurinn kopar greindist yfir hámarksgildi í einu hreindýrasýni. Líklegt er að dýrið hafi verið skotið með koparskoti og mengun orðið út frá því. Ráðlagt er að snyrta vel í kringum skotsár hreindýraskrokka og hirða ekki þau innfyli sem verða fyrir skotinu eða ögnum af því.

		Hlutfall sýna með efnaleifar undir leyfilegum mörkum árið 2022										
Efnaflokkur	Efni	Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Kúamjólk	Hænuegg	Hreindýr	Samtals	Alls
Vaxtarstýriefni og óleyfileg efni		100,0%	87,5%	98%	100%	100%	100,0%	100%	100%	-	580	99,5%
A1, A3, A4	Stilben, sterar og RAL	13/13	0/2	10/10	1/1	22/22	60/60	0	0	0	108	98,1%
A2	Efni með skjaldkirtilsheftandi virkni	13/13	2/2	9/10	1/1	0	0	0	0	0	26	96,2%
A5	Beta-örvar	14/14	6/6	10/10	1/1	34/34	0	0	0	0	65	100%
A6	Klórámfenikól, nítróímídasól og nítrófúran	20/20	6/6	24/24	2/2	65/65	120/120	80/80	64/64	0	381	100%
Dýralyf og mengunarefni		100%	100%	100%	100,0%	100%	100,0%	100%	100%	88%	1214	99,9%
Sýklalyf		100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	-	365	100%
B1	Sýklalyf	14/14	10/10	72/72	6/6	39/39	80/80	80/80	64/64	0	365	100%
Önnur dýralyf		100%	100%	100%	100%	100%	100,0%	100%	100%	-	534	100,0%
B2a	Sníklalyf	2/2	2/2	50/50	7/7	13/13	80/80	20/20	0	0	174	100%
B2b	Hníslalyf	2/2	1/1	10/10	1/1	34/34	0	0	64/64	0	112	100%
B2c	Karbamat og píretróíð	2/2	3/3	10/10	1/1	13/13	40/40	12/12	20/20	0	101	100%
B2d	Róandi lyf	2/2	1/1	10/10	1/1	0	0	0	0	0	14	100%
B2e	Bólgueyðandi lyf (NSAIDs)	4/4	4/4	20/20	2/2	6/6	0	60/60	0	0	96	100%
B2f	Barksterar	4/4	1/1	10/10	2/2	0	0	20/20	0	0	37	100%
Önnur efni og aðskotaefni		100%	100%	100%	100,0%	100%	100%	100%	100%	88%	416	99,8%
B3a	Lífræn klórsambönd	2/2	1/1	10/10	5/5	6/6	40/40	12/12	20/20	0	96	100%
B3b	Lífræn fosfórsambönd	2/2	3/3	10/10	1/1	13/13	40/40	12/12	20/20	0	101	100%
B3c	Kemísk frumefni (Pb, Cd, Hg, As)	2/2	2/2	10/10	5/5	7/7	40/40	12/12	20/20	7/8	106	99%
B3d	Sveppaeitur	2/2	1/1	10/10	1/1	7/7	40/40	12/12	0	0	73	100%
B3e	Litarefni	0	0	0	0	0	40/40	0	0	0	40	100%
Fjöldi Sýna		96	42	266	36	246	540	308	252	8	1794	100%